

Umsókn um ívilnun vegna nýfjárfestingar

sbr. lög nr. 41/2015 um ívilnanir til nýfjárfestinga á Íslandi

Umsækjandi (lögaðili): _____

Kennitala: _____ Símanúmer/GSM: _____

Heimilisfang: _____ Póstnúmer: _____

Netfang: _____

Tengiliður umsækjanda: _____

Símanúmer/GSM: _____

Netfang: _____

Allar upplýsingar eru á ábyrgð umsækjanda. Komi í ljós að aðili sem nýtur ívilnunar hafi vísitandi veitt rangar upplýsingar eða leynt upplýsingum sem höfðu áhrif á veitingu ívilnunarinnar skal fella niður ívilnun og ber aðila að endurgreiða allar þær ívilnanir og ríkisaðstoð sem honum hefur verið veitt á grundvelli samnings.

Með umsókn um ívilnun skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi atriði:

- a) Greinargóðar upplýsingar um viðkomandi fjárfestingarverkefni, meðal annars upplýsingar um tímaáætlun framkvæmda verkefnis, ítarlega lýsingu á verkefni, rekstraráætlun og rökstuðning fyrir því að veiting ívilnunar sé forsenda þess að verkefni verði að veruleika hér á landi. Rekstraráætlun verður að skila í ólæstu excel-skjali.
- b) Greinargóðar upplýsingar um þá aðila sem standa að fjárfestingarverkefni og hvernig skiptingu eignarhluta er háttað milli þeirra.
- c) Greinargóðar upplýsingar um þá sem koma að fjármögnun verkefnis og sundurliðun á fjárhæð lánsfjár og eigin fjár. Enn fremur staðfestingu á því að a.m.k. 75% af fjárfestingarkostnaði sé fjármagnaður án ríkisaðstoðar og þar af séu að lágmarki 20% fjármagnað með eigin fé.
- d) Rekstraráætlun sem sýnir að; A) árleg velta fyrirhugaðs fjárfestingarverkefnis sé að minnsta kosti 300 millj. kr. eða að fjárfestingin skapi að minnsta kosti 20 ársverk á fyrstu tveimur árum rekstursins. B) Fjárfestingarverkefnið verði staðsett að lágmarki til 10 ára á því svæði á Íslandi sem sótt er um ívilnun eftir að rekstur er hafinn.
- e) Staðfestingu á því að fyrirhugað fjárfestingaverkefni sé ekki hafið.
- f) Greinargóðar upplýsingar um markaðinn sem félagið hyggst starfa á, markaðslönd og markaðsstöðu (t.d. út frá spá um framboð og eftirspurn).
- g) Staðfestingu á því að tæki og búnaður sem kemur til vegna fjárfestingarverkefnis sé nýr eða nýlegur og uppfylli skilyrði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- h) Umhverfismat vegna fjárfestingarverkefnis verður að liggja fyrir eða upplýsingar um að verkefnið þarf ekki umhverfismats samkvæmt lögum nr. 106/2000.
- i) Staðfesting á því að ekki séu fyrir hendi hjá viðkomandi félagi eða eigendum þess vangreiddir skattar eða gjöld til ríkis eða sveitarfélaga hér á landi eða endurgreiðslukrafa samkvæmt 3. mgr. 31. gr. Samkeppnislaga, nr. 44/2005.
- j) Staðfesting á að viðkomandi félag sé ekki í fjárhagslegum erfiðleikum eða fjárhagslegri endurskipulagningu í skilningi leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð til endurskipulagningar eða björgunar fyrirtækja.
- k) Útfyllt excel-skjal, „Appendix 1 - Filloutform1“, þar sem eigendur félagsins þurfa að útskýra hvers konar ívilnanir er verið að sækja um og stærð félagsins ásamt því að staðfesta hvort að félagið á í fjárhagslegum erfiðleikum og hvort að félagið hafi fengið ólögmetar eða ósambærilegar ívilnanir.
- l) Flokka stærð félagsins í lítið eða meðalstórt félag samanber leiðbeiningar úr SME-Guide. Miðað er við starfsmannafjölda og árlega veltu eða niðurstöðu efnahagsreiknings við flokkunina. Nota skal upplýsingar úr síðasta samþykka ársreikningi. Nýstofnuð félög, sem hafa ekki samþykka ársreikninga, skulu gera raunhæft og heiðarlegt mat á þróun viðeigandi upplýsinga yfir fjárhagsárið.

Einnig þarf að fylgja yfirlýsing um að þeir sem fara með virkan eignarhlut og framkvæmdastjóri viðkomandi félags séu lögráða, hafi ekki verið úrskurðaðir gjaldþrota á síðustu fimm árum og hafi ekki í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm á síðustu fimm árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Vakin er athygli á því að:

- Stofna þarf sérstakt félag um fjárfestingarverkefnið á Íslandi; íslenskt útibú eða umboðsskrifstofa félags, sem skráð er í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, telst sérstakt félag.
- Starfsemi félags sem ívilnunar nýtur verður að vera að öllu leyti í samræmi við íslensk lög og stjórnvaldsfyrirmæli og að starfsemin brjóti ekki í bága við almennt velsæmi.
- Allir fjárfestingarsamningar og helstu upplýsingar um þá verða birtar opinberlega á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Þær upplýsingar sem verða birtar munu innihalda meðal annars umfang ívilnana, styrkhæfan kostnað og þak ívilnana fyrir hvert fjárfestingarverkefni.

Nefndin getur óskað eftir frekari gögnum en að framan greinir, meti hún það nauðsynlegt til grundvallar afgreiðslu.

Dagsetning

Undirskrift